


Nettengd Biblía fyrir börn kynnir

Jesús mettar fimm þúsund



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: Janie Forest

Þýðandi: Þráinn Kristjánsson
Aðlagð af: Ruth Klassen

Saga 51 af 60

www.M1914.org

Bible for Children, PO Box 3, Winnipeg, MB R3C 2G1 Canada

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu, en ekki selja.

Íslenska

Icelandic

Faríseum var samt að ljúga uppá Jesú,
og sumir þeirra reyndu
að drepa hann.



Þeir trúðu ekki að hann væri raunverulega sonur
Guðs, þrátt fyrir öll kraftaverk hans, sem sönnuðu
að hann væri
sonur
Guðs.



Dag einn fór Jesús yfir um Galíleuvatn. Kannski hann hafi viljað komast í burtu frá mannfjöldanum sem fylgdi honum hvert sem hann fór.




3

En fyrr en varði, fundu þeir hann á afskekktum stað. Fólkið sóttist eftir návist hans og kraftaverkum.



4

Jesús fór uppá fjall þar sem hann settist niður að kenna lærisveinum sínum, og fólksfjöldinn fór vaxandi.




5

Farið var að líða á kvöldið, og flestir sennilega hungraðir.




6

Jesú var litið á mannfjöldann og sagði við Filippus, "Hvar fáum við brauð til að fæða allt þetta fólk?" Engar búðir voru nálægar. Hvað skyldi Jesús hafa haft í huga?




7

"Það mundi kosta voða mikið að fæða allt þetta fólk". Svaraði Filippus, vitandi þess að þeir höfðu takmarkaða peninga.



8

Þá sagði Andrés, einn af lærisveinunum og bróðir Símonar Péturs, "Það er drengur hér með fimm byggbrauð og tvo fiska....."



9

"... en hvað er það, handa svo mörgum?" Andrés gerði sér ljóst, þó svo að drengurinn gæfi mat sinn allan, að það yrði aðeins sem dropi í hafið handa öllu þessu fólki.



10

Jesús sagði, "Látið fólkið setjast niður" Og fimm þúsund menn, ásamt konum og börnum sem ekki voru meðtalin, settust niður á grasið.



11

Því næst tók Jesús brauðin og fiskana, nesti drengsins, sem hann hafði greinilega gefið Jesú án þess að hafa hugmynd um hvað stóð til, eða hvað Jesús ætlaðist fyrir með nestið hans.




12

Þá fór Jesús með bæn. Hann þakkaði Guði fyrir brauðin fimm og fiskana tvo, og bað hann að blessa matinn.




13

Að lokinni bæn, tók Jesús brauðin fimm og fiskana tvo, gaf lærisveinunum til að skipta með mannfjöldanum, og gátu allir fengið svo mikið sem þeir vildu. Samt var mikill afgangur. Þvílíkt kraftaverk!



14

Eftir að allir voru búnir að borða nægju sína, var enn mikið af brauði og fiski eftir. Jesús sagði þá við lærisveina sína, "Safnið saman leifunum svo ekkert spillist." Þeir söfnuðu síðan leifunum saman og fylltu tólf körfur.



15

Þennan dag mettaði Jesús yfir fimm þúsund manns með nesti lítils drengs. Í annan tíma mettaði hann fjögur þúsund manns með sjö brauðum og fáeinum fiskum.



16

Í annan tíma mettaði hann fjögur þúsund manns með sjö brauðum og fáeinum fiskum. Þegar menn sáu táknið sem Jesús gerði urðu þeir ekki reyðir eins og Farísearnir.



17

Þess í stað sögðu þeir, "Þessi maður er sannarlega spámaður-inn sem koma skal í heiminn." Þeir vissu að Jesús var frelsarinn sem boðaður var í heilagri ritningu.



18

Jesús mettar fimm þúsund

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Jóhannesi 6

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."
Sálmarnir 119:130

Guð veit að við höfum öll gert rangt af okkur, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði.

Guð elskar okkur svo mikið að hann sendi son sinn, Jesú, til að deyja á krossi til að borga fyrir syndir okkar. **Jesús lifnaði á ný** og fór aftur til himnaríkis. Nú getur Guð fyrirgefið syndir okkar.

Ef þú vilt snúa baki við syndum þínum, segðu þá eftirfarandi til Guðs: *Góði Guð, ég trúi að Jesús hafi dáið fyrir mig, og komið svo aftur til lífs. Ég bið þig nú að koma inni líf mitt og fyrirgefa syndir mínar, svo ég geti öðlast nýtt líf og verið með þér alla eilífð. Hjálpaðu mér að lifa fyrir þig sem Guðs barn. Amen*

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!